

Afkomutilkynning

Reykjavík, 31. janúar 2007

Afkoma Bakkavör Group árið 2006: Hagnaður fyrir skatta 9,4 milljarðar króna

REYKJAVÍK, 31. janúar 2007. Bakkavör Group hf. (ICEX: BAKK) skilaði 9,4 milljarða króna hagnaði fyrir skatta á árinu 2006 og á fjórða ársfjórðungi nam hagnaður fyrir skatta 2,9 milljörðum króna. Sala félagsins á árinu nam 171,9 milljörðum króna og 46,4 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi. Rekstrarhagnaður nam 16,1 milljarði króna á árinu og 4,3 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi. Hagnaður fyrir vexti, skatta og afskriftir (EBITDA) jókst um 72% á árinu og nam 20,8 milljörðum króna. Þá nam EBITDA á fjórða ársfjórðungi 5,5 milljörðum króna, sem er 38% aukning. Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti nam 23,3 milljörðum króna og frjálst fjárflæði frá rekstri var 13,2 milljarðar króna. Hagnaður á hlut var 3,4 pens á árinu 2006 og jókst um 74% miðað við árið 2005. Arðsemi eigin fjár var 37% á árinu samanborið við 30% á árinu 2005.

- Félagið styrkti stöðu sína í lykilvöruflokkum með fjórum yfirtökum í Bretlandi
- Afkoma félagsins á meginlandi Evrópu bætt til muna í kjölfar hagræðingaraðgerða
- Kaup á hlut í kínversku salatfyrirtæki í samstarfi við Glitni banka – fyrsta skref félagsins í Asíu
- Hagnaður eftir skatta 9,5 milljarðar króna (67,6 milljónir punda) á árinu, 111% aukning, og 4,6 milljarðar króna (32,8 milljónir punda) á fjórða ársfjórðungi, 191% aukning
- Rekstrarhagnaður (EBIT) 16,1 milljarðar króna (113,9 milljónir punda) á árinu, 71% aukning, og 4,3 milljarðar króna (30,7 milljónir punda) á fjórða ársfjórðungi, 47% aukning
- Vöxtur í undirliggjandi rekstri 10% á árinu 2006
- EBITDA 20,8 milljarðar króna (147,8 milljónir punda) á árinu, 72% aukning og 5,5 milljarðar króna (39,3 milljónir punda) í fjórða ársfjórðungi, 38% aukning
- EBITDA hlutfall 12,1% á árinu og 11,9% á fjórða ársfjórðungi
- EBITDA hlutfall án áhrifa umboðssölu 12,6% á árinu og 12,7% á fjórða ársfjórðungi
- Pro-forma EBITDA á árinu jókst um 20%
- Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti 23,3 milljarðar króna (165,1 milljónir punda), 59% aukning
- Frjálst fjárflæði frá rekstri 13,2 milljarðar króna (93,6 milljónir punda), 43% aukning
- Eigið fé 34,0 milljarðar króna (241,4 milljónir punda) í lok ársins við 18,0 milljarða króna (127,4 milljónir punda) í árslok 2005, 90% aukning
- Eiginfjárlutfall 18,2% samanborið við 12,4% í árslok 2005
- Hagnaður á hlut 3,4 pens, 74% aukning
- Arðsemi eigin fjár 37% á árinu samanborið við 30% á árinu 2005
- Tillaga stjórnar um arðgreiðslu fyrir árið 2006 – 0,5 krónur á hlut eða 50% af útgefnu hlutafé

Ágúst Gudmundsson, forstjóri, sagði:

„Við erum ánægð með góða afkomu á árinu 2006. Við styrktum stöðu okkar í lykilvöruflokkum í Bretlandi með fjórum yfirtökum á árinu og bættum rekstur fyrirtækisins á meginlandi Evrópu. Ennfremur stigum við okkar fyrstu skref í Asíu með kaupum á hlut í kínversku salatfyrirtæki. Áhersla var lögð á frekari samþættingu framleiðslueininga félagsins á árinu og nýtingu samlegðaráhrifa til að auka skilvirkni og arðsemi. Árið 2007 verður ekki síður spennandi – við munum styrkja stöðu okkar enn frekar í Bretlandi og nýta okkur hagstæða þróun matvælamarkaðarins á meginlandi Evrópu. Einnig munum halda áfram að leita tækifæra í Asíu, en þar eru spennandi tímar og mikil gróska á matvælamörkuðum.“

Ársfjórðungsfirlit - lykiltölur	Fjárhæðir í þús. GBP				
	4F 2006	3F 2006	2F 2006	1F 2006	4F 2005
Sala	329.161	332.939	298.483	258.606	252.170
Kostnaðarverð seldra vara	(239.047)	(244.430)	(219.154)	(190.281)	(180.599)
Framlegð	90.114	88.509	79.329	68.325	71.571
Annar rekstrarkostnaður	(59.933)	(56.266)	(46.362)	(49.465)	(50.435)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	470	(208)	(178)	(402)	(278)
Rekstrarhagnaður	30.651	32.035	32.789	18.458	20.858
Fjármagnsgjöld	(10.098)	(13.922)	(12.888)	(10.452)	(9.764)
Hagnaður fyrir skatta	20.553	18.113	19.901	8.006	11.094
Tekjuskattur	(4.714)	(2.866)	(5.681)	(1.976)	193
Hagnaður fyrir aflagða starfsemi.....	15.839	15.247	14.220	6.030	11.287
Aflögð starfsemi.....	16.910				
Hagnaður tímabilsins	32.749	15.247	14.220	6.030	11.287
Hagnaður hluthafa	32.753	15.012	14.041	5.811	11.271
Hlutdeild minnihluta	(4)	235	179	219	16
Hagnaður á hlut (GBP pens)	1,5	0,7	0,8	0,4	0,7
EBITDA	39.324	40.411	40.720	27.307	28.427
EBITDA hlutfall	11,9%	12,1%	13,6%	10,6%	11,3%
EBITDA hlutfall án áhrifa umboðssölu....	12,7%	13,2%	13,6%	10,6%	11,3%

Efnahagsreikningur samstæðunnar - lykiltölur	Fjárhæðir í þús. GBP		
	31.12 2006	31.12 2005	Breyting %
Fastafjármunir	1.028.878	840.400	22%
Veltufjármunir	296.929	294.207	1%
Eignir	1.325.807	1.134.607	17%
Eigið fé	241.447	127.352	90%
Langtímaskuldir og skuldbindingar	715.677	704.223	2%
Skammtímaskuldir	368.683	303.032	22%
Eigið fé og skuldir	1.325.807	1.134.607	17%

Sjóðstreymi samstæðunnar - lykiltölur	Fjárhæðir í þús. GBP		
	2006	2005	Breyting %
Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti	165.066	103.553	59%
Handbært fé frá rekstri	131.500	82.059	60%
Fjárfestingahreyfingar	(167.414)	(446.100)	-62%
Fjármögnunarahreyfingar	(6.375)	421.934	-102%
Breyting handbærs fjár	(42.289)	57.893	-173%
Frjálst fjárflæði frá rekstri	93.598	65.646	43%

Rekstrarniðurstöður ársins 2006


Reikningsskilaaðferðir

Samstæðureikningar Bakkavör Group eru í samræmi við alþjóðlegar reglur um gerð samstæðureikningsskila (International Financial Reporting Standards, IFRS) samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins. Laurens Patisseries Limited varð hluti af samstæðunni frá 1. maí 2006, New Primebake frá 1. júlí, Rye Valley Patisseries (nú Pure Patisserie) frá 10. nóvember og Fresh Cook frá 22. nóvember 2006.

	Rekstrarreikningur samstæðunnar - lykiltölur			Fjárhæðir í þús. GBP		
	4F 2006	4F 2005	Breyting %	2006	2005	Breyting %
Sala	329.161	252.170	31%	1.219.189	722.065	69%
Kostnaðarverð seldra vara	(239.047)	(180.599)	32%	(892.912)	(513.521)	74%
Framlegð	90.114	71.571	26%	326.277	208.544	56%
Annar rekstrarkostnaður	(59.933)	(50.435)	19%	(212.026)	(141.969)	49%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	470	(278)	269%	(318)	75	-524%
Rekstrarhagnaður	30.651	20.858	47%	113.933	66.650	71%
Fjármagnsgjöld	(10.098)	(9.764)	3%	(47.360)	(28.269)	68%
Hagnaður fyrir skatta	20.553	11.094	85%	66.573	38.381	73%
Tekjuskattur	(4.714)	193	-	(15.237)	(6.048)	152%
Hagnaður fyrir aflagða starfsemi.....	15.839	11.287	40%	51.336	32.333	59%
Aflögð starfsemi.....	16.910	0	-	16.910	0	-
Hagnaður tímabilsins	32.749	11.287	190%	68.246	32.333	111%
Hagnaður hluthafa	32.753	11.271	191%	67.617	31.986	111%
Hlutdeild minnihluta	(4)	16	-125%	629	347	81%
Hagnaður á hlut (GBP pens)	1,5	0,7	119%	3,4	2,0	74%
EBITDA.....	39.324	28.427	38%	147.762	86.079	72%
EBITDA hlutfall.....	11,9%	11,3%	-	12,1%	11,9%	-
EBITDA hlutfall án áhrifa umboðssölu.....	12,7%	11,3%	-	12,6%	11,9%	-
Frjálst fjárfæði frá rekstri	23.943	47.844	-50%	93.598	65.646	43%
Arðsemi eigin fjár.....	58,3%	38,0%	-	37,0%	30,0%	-

Árið 2006 einkenndist af góðri afkomu félagsins bæði í Bretlandi og á meginlandi Evrópu. Rekstrarhagnaður (EBIT) jókst um 71% úr 9,4 milljörðum króna (66,7 milljónum punda) á árinu 2005 í 16,1 milljarða króna (113,9 milljón punda) á árinu 2006. Rekstrarhagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 4,3 milljörðum króna (30,7 milljónum punda) samanborið við 2,9 milljarða króna (20,9 milljónir punda) á fjórða ársfjórðungi í fyrra, sem er 47% aukning. Rekstur félagsins á meginlandi Evrópu hélt áfram að skila hagnaði og nam rekstrarhagnaður 198 milljónum króna (1,4 milljónum punda) á árinu samanborið við tap að fjárhæð 365 milljónir króna (2,6 milljónir punda) á árinu 2005. Í fjórðungnum nam rekstrarhagnaður á meginlandi Evrópu 78 milljónum króna (0,6 milljónum punda).

Sala á árinu nam 171,9 milljörðum króna (1,2 milljörðum punda) og á fjórða ársfjórðungi nam salan 46,4 milljörðum króna (329,2 milljónum punda). Vöxtur í undirliggjandi starfsemi var 10% á árinu og í fjórða ársfjórðungi. Sala í Bretlandi nam 92% af veltu félagsins, eða 158,3 milljörðum króna (1,1 milljarði punda). Pro-forma sala á meginlandi Evrópu jókst um 27% á árinu og nam 13,8 milljörðum króna (98,0 milljónum punda). Sjá ítarlegri upplýsingar um sölu félagsins í markaðs- og söluýfirliti á bls 6.



Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) jókst um 72% á árinu og nam 20,8 milljörðum króna (147,8 milljónum punda) á árinu á móti 12,1 milljarði króna (86,1 milljón punda) á árinu 2005. Hlutfall EBITDA af rekstrartekjum var 12,1% á árinu samanborið við 11,9% á árinu 2005. EBITDA á fjórða ársfjórðungi jókst um 38% og nam 5,5 milljörðum króna (39,3 milljónum punda) í samanburði við 4,0 milljarða króna (28,4 milljónir punda) á sama fjórða ársfjórðungi 2005. EBITDA hlutfall var 11,9% á fjórða ársfjórðungi í samanburði við 11,3% á fjórða ársfjórðungi á síðasta ári. Proforma EBITDA jókst um 20% á árinu og um 9% á fjórða ársfjórðungi.

Eins og fram hefur komið, urðu breytingar í júlí 2006 á samningi við einn af viðskiptavinum félagsins. Breytingin felur í sér að frá og með þriðja ársfjórðungi er hluti af sölu á fersku óskornu grænmeti (e. produce) færður sem bein sala í stað umboðssölu áður. Þó að þetta hafi áhrif á sölu og framlegð, þá hefur þetta engin áhrif á afkomu félagsins. Ef samningnum hefði ekki verið breytt, hefði sala á árinu 2006 numið 165,3 milljörðum króna (1.172,2 milljónum punda) í stað 171,9 milljarða króna (1.219,2 milljóna punda). EBITDA hlutfallið hefði verið 12,6% í stað 12,1% á árinu en 12,7% í stað 11,9% á fjórða ársfjórðungi. Langtíma markmið félagsins um 12%-14% EBITDA hlutfall er óbreytt að svo stöddu.

Hlutdeild í tapi hlutdeildarféлага nam 45 milljónum króna (0,3 milljónum punda) á árinu samanborið við hagnað að fjárhæð 11 milljónir króna (0,1 milljón punda) á síðasta ári.

Fjármagnsgjöld námu 6,7 milljörðum króna (47,4 milljónum punda) á árinu samanborið við 4,0 milljarða króna (28,3 milljónir punda) og gætir þar áhrifa skuldsetningar fyrirtækisins í kjölfar kaupanna á Geest í maí 2005. Á hinn bóginn, jukust fjármagnsgjöld einungis um 3% á fjórða ársfjórðungi og námu 1,4 milljarði króna (10,1 milljón punda) þrátt fyrir lántöku vegna kaupa á Laurens Patisseries.

Skattar námu 2,8 milljörðum króna (19,6 milljónum punda) á árinu 2006 samanborið við 850 milljónir króna (6,0 milljónir punda) á árinu 2005. Virkt skatthlutfall ársins var 22,3% sem endurspeglar skattafrádrátt í tengslum við innri fjármögnum dótturféлага og nýtingu á áður óinnleystu skattalegu tapi.

Hagnaður af aflagðri starfsemi, eftir skatta, var 2,4 milljarðar króna (16,9 milljónir punda) en 3,0 milljarðar króna (21,3 milljónir punda) fyrir skatta. Þetta endurspeglar tryggingabætur sem greiddar voru á árinu kjölfar bruna í einni af verksmiðjum félagsins þann 3. apríl 2005. Ákveðið var að endurnýja ekki umræddar eignir og hætta starfsemi í verkmiðjunni.

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir

Heildareignir félagsins þann 31. desember 2006 námu 186,9 milljörðum króna (1.325,8 milljarði punda) í samanburði við 160,0 milljarða króna (1.134,6 milljarða punda) þann 31. desember 2005. Aukningin skýrist að mestu leyti af yfirtökum félagsins á árinu.

Fastafjármunir námu 145,1 milljörðum króna (1.028,9 milljónum punda) samanborið við 118,5 milljarða króna (840,4 milljónir punda) í lok árs 2005. Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir námu 100,6 milljörðum króna (713,9 milljónum punda) samanborið við 79,8 milljarða króna (565,7 milljónir punda) í lok árs 2005 sem er aukning um 20,9 milljarða (148,2 milljónir punda). Aukningin skýrist að mestu leyti af kaupum félagsins á Laurens Patisseries. Mat á gangvirði hreinna eigna Geest lauk í apríl og mat gangvirði hreinna eigna Hitchen Foods lauk í september 2006. Engra verulegra breytinga var þörf á áður birtu gangvirði hreinna eigna félagsins. Mat á gangvirði hreinna eigna Laurens Patisseries, New Primebake, Pure Patisseries (áður Rye Valley Foods) og Fresh Cook er bráðabirgðamat og er ætlað að því ljúki innan 12 mánaða frá kaupum. Samkvæmt IFRS skal mat á virði viðskiptavildar fara fram árlega og fór slíkt mat fram í lok ársins. Engin áþreifanleg merki voru um virðisýrnnun viðskiptavildar félagsins á árinu 2006 samkvæmt niðurstöðu matsins.

Veltufjármunir námu 41,9 milljarði króna (296,9 milljónum punda) miðað við 41,5 milljarða króna (294,2 milljónir punda) í lok árs 2005. Skammtímaskuldir hækkðu úr 42,7 milljörðum króna (303,0 milljónum punda) í lok árs 2005 í 52,0 milljarða króna (368,7 milljónir punda) í lok 2006. Veltufjárhluftallið var 0,8 og lausafjárhluftallið 0,7 í lok desember, samanborið við 1,0 og 0,9 í árslok 2005. Þess ber að geta að félagið greiddi 15,5 milljarða króna (109,9 milljónir punda) inn á langtímalán á tímabilinu.

Langtímaskuldir og eigið fé

Langtímaskuldir og skuldbindingar jukust einungis um 1,6 milljarða króna (11,5 milljónir punda) á árinu úr 99,3 milljörðum króna (704,2 milljónum punda) þann 31. desember 2005 í 100,9 milljarða króna (715,7 milljónir punda) í lok árs 2006 þrátt fyrir 21,1 milljarða króna (150 milljón punda) lán frá Barclays PLC til að fjármagna kaupin á Laurens Patisseries. Þetta endurspeglar greiðslu félagsins inn á langtímalán, breytingu skuldabréfa í hlutafé á árinu og endurfjármögnun á brúarláni Kaupþings banka (vegna kaupa félagsins á Hitchen Foods í fyrra).

Eigið fé jókst úr 18,0 milljörðum króna (127,4 milljónum punda) í lok árs 2005 í 34,0 milljarða króna (241,4 milljónir punda) þann 31. desember 2006. Þessi aukning endurspeglar góða afkomu félagsins á árinu auk hlutafjárukninga vegna kaupa á Laurens Patisseries og breytingu skuldabréfa í hlutabréf. Eiginfjárlutfall félagsins í árslok var 18,2% samanborið við 12,4% í árslok 2005. Hagnaður á hlut var 3,4 pens miðað við 2,0 pens á árinu 2005, sem er 74% aukning. Eins og fram hefur komið greiddi félagið arð á tímabilinu og var hluthöfum greiddur 25% arður af nafnverði hlutafjár, sem jafngildir 0,25 krónum á hlut.

Sjóðstreymi

Líkt og á undanförunum árum var sjóðstreymi áfram sterkt hjá félaginu á árinu 2006. Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti var 23,3 milljarðar króna (165,1 milljónir punda) á árinu samanborið við 14,6 milljarða króna (103,6 milljónir punda) árið 2005 og jókst því um 59%. Handbært fé eftir greiðslu vaxta og tekjuskatts nam 18,5 milljörðum króna (131,5 milljónum punda) á árinu samanborið við 11,6 milljarða króna (82,1 milljónir punda) á árinu 2005. Fjárfestingar í fastafjármunum námu 5,3 milljörðum króna (37,9 milljónum punda) í samanburði við 2,3 milljarða króna (16,4 milljónir punda) í fyrra. Fjárfestingar í fastafjármunum voru í takt við afskriftir tímabilsins.

Frjálst fjárflæði frá rekstri þ.e. handbært fé eftir að fjárfestingar í fastafjármunum hafa verið dregnar frá, var 13,2 milljarðar króna (93,6 milljón punda) á árinu samanborið við 9,3 milljarða króna (65,6 milljónir punda), sem er 43% aukning.

Helstu atburðir á fjórða ársfjórðungi

Fyrirtækjakaup í Bretlandi á fjórða ársfjórðungi

Þann 10. nóvember 2006 keypti Bakkavör Group breskan eftirréttaframleiðanda, Rye Valley Patisserie (nú Pure Patisserie) og styrkti þar með stöðu sína enn frekar á sviði kældra eftirréttá í Bretlandi. Pure Patisserie var dótturfélag Kerry Foods Limited, sem er hluti af Kerry Group PLC. Fyrirtækið sem er staðsett í Birmingham í Bretlandi sérhæfir sig í framleiðslu ferskra tilbúinna eftirréttá og er með um 250 starfsmenn í vinnu. Starfsemi fyrirtækisins hefur verið sameinuð annarri eftirréttaframleiðslu félagsins.

Þann 22. nóvember 2006 náði félagið samkomulagi um kaup á öllu útgefnu hlutafé Fresh Cook Limited, samrekstrarfélags (e. 50:50 joint venture) Bakkavör Group og Rannoch Foods síðan í október 2004. Fresh Cook er staðsett í Lincolnshire í Bretlandi, er með um 360 starfsmenn og sérhæfir sig í framleiðslu á tilbúnum réttum.

Hlutafjárukning

Á stjórnarfundum þann 29. nóvember 2006 tók stjórn félagsins ákvörðun um að auka hlutafé í Bakkavör Group um 23.979.203 hluti til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt breytanlegum skuldabréfum í eigu Kaupþings banka hf. Bakkavör Group hefur nú uppfyllt allar skuldbindingar samkvæmt breytanlegum skuldabréfum í félaginu.

Helstu atburðir ársins 2006

Árangur á öllum mörkuðum félagsins

Bakkavör Group hélt áfram að leiða samþjöppun á breska matvælamarkaðinum á árinu með kaupum á fjórum fyrirtækjum og styrkti þar með stöðu sína á sviði eftirréttanna með kaupum á Laurens Patisseries Limited og Pure Patisseries, á sviði brauða með kaupum á New Primebake og tilbúinna réttanna með kaupum á Fresh Cook Limited.

Afkoma félagsins á meginlandi Evrópu batnaði á árinu í kjölfar hagræðingaraðgerða sem m.a. fólu í sér skipulagsbreytingar í einni af verksmiðjum félagsins þar sem vöruflokkum var fækkað og áherslum breytt til að auka arðsemi. Aukin þróun heldur áfram á sviði ferskra tilbúinna matvæla á meginlandi Evrópu að undanförunu og hélt Bakkavör Group áfram að skoða fjárfestingartækifæri og vaxtarmöguleika í Evrópu á árinu.

Bakkavör Group keypti 40% hlut í Creative Foods í Kína í samvinnu við Glitni banka í apríl. Félagið hélt áfram að skoða fjárfestingartækifæri í Kína og á öðrum vaxandi mörkuðum í Asíu. Aukin eftirspurn eftir gæðum, hollustu og þægindum býður án efa upp á vaxtarmöguleika fyrir Bakkavör Group í Kína sem og á ýmsum öðrum mörkuðum Asíu.

Stjórnendabreytingar, nýtt merki, eitt nafn

Á aðalfundi félagsins í maí 2006 var tilkynnt að Lýður Guðmundsson myndi láta af störfum sem forstjóri Bakkavör Group og einbeita sér að stjórnarformennsku Exista hf. og Ágúst Guðmundsson myndi taka við starfi forstjóra. Lýður dró þó einungis úr þátttöku í daglegum rekstri félagsins en heldur áfram að gegna lykilhlutverki í stefnumarkandi ákvörðunum sem stjórnarformaður félagsins. Exista er fjármálaþjónustufyrirtæki sem starfar á sviði trygginga, eignaleigu og fjárfestinga. Þar að auki er Exista kjölfestufjárfestir í nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins, þar á meðal Bakkavör Group. Ágúst og Lýður Guðmundssynir eru stærstu hluthafar Exista hf. með 47% hlut.

Í tilefni af 20 ára afmæli Bakkavör Group, ákváðu stjórnendur félagsins að merki þess skyldi endurskoðað og uppfært til þess að endurspeglar árangursríka samþættingu félagsins. Á sama tíma var Geest nafnið fellt niður og öll fyrirtæki innan samstæðunnar, sem þó halda hvert sínu nafni, sameinuð undir einum hatti, Bakkavör Group.


Hlutfjárukning og breyting skuldabréfa

Hlutfé í Bakkavör Group var aukið á árinu þar sem félagið greiddi hluta af kaupverði Laurens Patisseries með hlutabréfum í Bakkavör Group. Hlutfé var svo aukið enn frekar til þess að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt breytanlegum skuldabréfum í eigu Kaupþings banka. Heildarfjöldi hluta í Bakkavör Group eftir aukningar ársins er 2.157.888.219.

Markaðs- og söluyfirlit yfir árið 2006

Bretland

Stjórnendur Bakkavör Group hafa sett félaginu markmið um að vaxa hraðar en markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli í Bretlandi á hverjum tíma. Þessu markmiði var náð á árinu 2006 og jókst sala félagsins um 8,6% miðað við 6,6% vöxt markaðarins. Ennfremur jókst sala félagsins á óskornu grænmeti umtalsvert eða um 8,5% miðað við 4,1% markaðsvöxt. Markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli og óskorið grænmeti hélt áfram að vaxa umfram önnur svið matvælamarkaðarins á árinu 2006.



Á árinu 2006 var mesti hagvöxtur í Bretlandi í yfir 10 ár, eða 2,7%. Hins vegar leiddi hækkun vaxta og olíuverðs til aukinnar verðbólgu á árinu og hafði þar með neikvæð áhrif á væntingar neytenda og fyrirtækja til efnahagslífsins.

Viðvarandi verðstríð stórmarkaðanna og verðsamanburður á sérstökum vefsíðum sem spruttu upp í kjölfarið varð til þess að neytendur urðu meðvitaðri um matvöruverð, sérstaklega á nauðsynjavörum. Þessi þróun virtist þó ekki hafa áhrif á aukna eftirspurn eftir munaðarvörum (e. premium products), sem eru hlutfallslega dýrari en aðrar matvörur, en samkvæmt fjölmörgum stórmörkuðum var sala á slíkum vörum góð á fjórða ársfjórðungi. Stór hluti ferskra tilbúinna matvara er framleiddur úr úrvalshráefni og sparar fólki tíma og fyrirhöfn og því gjarnan talin falla undir þessar svokölluðu hágæða- eða munaðarvörur.


Markaðurinn fyrir ferskar tilbúna matvörur naut góðs af verðursælu sumri en heimsmeistarakeppnin í fótbolta sem haldin var í sumar hafði einnig mikil áhrif á neyslunenjor fólks. Eftirspurn eftir ferskum tilbúnum mat jókst í kjölfarið, sérstaklega á pizzum, fersku salati og ídýfum.

Áhugi neytenda á samfélags- og umhverfismálum sem og siðferðilegum spurningum hefur aukist mikið að undanförmu. Viðskiptavinir félagsins, breskir stórmarkaðir, eru með skýra stefnu á sviði umhverfismála og samfélagslegrar ábyrgðar, sérstaklega í tengslum við matvæli. Neytendur krefjast sífellt nánari upplýsinga, t.d. um uppruna hráefnis, rekjanleika þess og hvort þess sé aflað á ábyrgan hátt. Bakkavör Group vinnur náið með viðskiptavinum sínum til þess að koma stefnu félagsins og ábyrgum framleiðsluaðferðum á framfæri við neytendur.

Vöruflokkar

Í Bretlandi framleiðir Bakkavör Group til dæmis tilbúna rétti, salöt og pizzur, en einnig óskorið grænmeti (e. produce), svo sem kál, tómata og gúrkur. Félagið skiptir vörum sínum í tvo flokka í Bretlandi – heita og kalda vöruflokkka. Hlutfall sölu samstæðunnar á heitum og köldum vöruflokkum á árinu 2006 var 52:48. Bakkavör Group er í leiðandi stöðu í 10 af 17 vöruflokkum sínum:


% Markaðshlutdeild eftir vöruflokkum



Heimild: Bakkavör market intelligence byggð á pro-forma upplýsingum á 52 vikna tímabili til 31 desember 2006.

Yfirlit yfir heita vöruflokkka

Markaðurinn fyrir **tilbúna rétti** (e. ready meals) er stærsti hluti markaðarins fyrir fersk tilbúin matvæli og var hann talinn um 240¹ milljarða króna (1,7 milljarða punda) virði á árinu 2006, og óx hann um 6,4% frá árinu 2005. Þessi vöxtur er einkum vegna aukinnar eftirspurnar eftir hágæða vörum (e. premium ready meals), réttum sem eru skilgreindir eru sem tilbúnir til eldunar (e. ready to cook meals), sem og vexti í hefðbundnum breskum réttum. Sala Bakkavarar á þessum réttum hefur aukist en þegar á heildina er litið, var söluaukning Bakkavarar á sviði tilbúinna rétta undir markaðsvexti.



Hagræðing í verksmiðjum félagsins í byrjun ársins hafði neikvæð áhrif á sölu félagsins á tilbúnum réttum. Þrátt fyrir það jókst sala á árinu vegna sterkrar stöðu félagsins á þeim sviðum sem vaxa hvað hraðast innan þessa vöruflokks sem og öflugrar vöruþróunar.

Hraður vöxtur hélt áfram að einkenna **pizzu** markaðinn árinu sem óx um 9,4%. Bakkavör er leiðandi á þessum markaði og einbeitir sér að framleiðslu á ítölskum pizzum sem og þykkbotna pizzum að bandarískri fyrirmynd. Markaðurinn fyrir ferskar pizzur var talinn um 45 milljarða² króna (317 milljóna punda) virði á árinu 2006. Ítalskar sem og þykkbotna pizzur eru vinsælastar, en þær eru ýmist markaðssettar undir vörumerkjum stórmarkaðanna eða vinsælum vörumerkjum á við PizzaExpress. Félagið naut góðs af þessari þróun með 16% söluaukningu á árinu, umfram vöxt markaðarins.

¹ Heimild: TNS


² Heimild: TNS

Sala jókst einnig í öðrum heitum vöruflokkum á milli ára, t.d. á **tilbúnu grænmeti** (13%), **stir fry** (13%), og **sósum** (12%). Enn gætir áhrifa bruna í tveimur verksmiðjum samstæðunnar í apríl 2005 á sölu félagsins á **brauði** og **fersku pasta**. Kaupin á New Primebake hafa þó styrkt stöðu félagsins á þessu sviði og jókst pro-forma sala um 3% á tímabilinu.

Yfirlit yfir kalda vöruflokka

Markaðurinn fyrir **ferskt salat** (e. leafy salads) er talinn nema 44 milljörðum króna (312 milljónir punda) og dróst hann saman um 1,9% á tímabilinu þrátt fyrir góða sölu vegna hitabylgju sumarið 2006. Sala Bakkavarar var betri en almennt á þessum markaði en dróst samt einnig saman á árinu.

Ástæðu þessa má að hluta til rekja til þess að bragðminni salat-tegundir eiga undir högg að sækja og hefur sala á þeim dregist saman. Hins vegar hefur sala aukist á bragðsterkari tegundum, t.d. klettsalati, sem virðast njóta meiri vinsælda. Einnig má rekja hluta þessa samdráttar til neikvæðrar fjölmiðlaumfjöllunar um meðhöndlun á salati. Í kjölfarið hefur Bakkavör Group til dæmis innleitt nýja aðferð við skolonu á salati sem og bætt nánari upplýsingum um uppruna hráefnisins á umbúðirnar. Bakkavör Group framleiðir einnig lífrækt ræktuð salöt sem njóta mikilla vinsælda og jókst sala á þeim um 40% á árinu.



Markaðurinn fyrir **tilbúið salat** (e. convenience salads) óx um 12,5% á árinu. Sala var góð í báðum flokkum, en vöruflokkurinn skiptist í tvennt – annars vegar **tilbúið salat sem meðlæti** (11% vöxtur), eins og t.d. hrásalat og kartöflusalat, og hins vegar **tilbúið salat sem fullbúin máltíð** (16% vöxtur). Söluaukning Bakkavarar var í takt við markaðinn, eða um 12,8% á árinu. Aðalástæða vaxtarins er aukinn áhugi neytenda á úrvals salötum sem og óhefðbundnum salötum, svo sem þau sem innihalda cous cous og hrísgrjón.

Markaðsvirði markaðarins fyrir **kælda eftirrétti** (e. chilled desserts) er áætlað 58 milljarðar króna (415 milljónir punda) og óx hann um 3,5% á tímabilinu. Sala Bakkavarar jókst um 20,3% sem er um sex sinnum meiri vöxtur en á markaðinum. Mesta aukningin var á sölu á eftirréttum í fjölskyldupakkningum, svo sem ostakökum og ýmsum búðingstegundum.

Þá var sala góð í öðrum köldum vöruflokkum: Söluaukning á **dýfum** (e. dips) var 17% á árinu og söluaukning á **niðurskornum ávextum** (e. prepared fruit) var 37% á árinu.

Óskorið grænmeti

Markaðurinn fyrir óskorið grænmeti (e. produce) óx um 4,1% á árinu 2006. Vöxtur Bakkavarar á þessu sviði var yfir tvöfalt meiri en vöxtur markaðarins eða 8,5%. Mikill hiti í Bretlandi yfir sumartímamann hafði neikvæð áhrif á uppskeru og þar af leiðandi hækkun hráefnisverðs. Bakkavör Group uppskar hins vegar góða sölu með því að einbeita sér að úrvalsgrænmeti sem seldist sérstaklega vel á árinu.

Meginland Evrópu

Pro-forma sala félagsins á meginlandi Evrópu jókst um 27% á árinu og nam 13,8 milljörðum króna (98,0 milljónum punda). Á meginlandi Evrópu framleiðir Bakkavör Group ferskan tilbúinn mat og óskorið grænmeti til stórmarkaða og mótuneyta í Frakklandi, Hollandi og á Spáni. Markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli hefur ekki próast jafn hratt og breski markaðurinn. Hins vegar hafa aðstæður á meginlandi Evrópu breyst eins og í Bretlandi og hafa aukin hagsæld, breyting á fjölskyldumynstri og heilsuvakning aukið eftirspurn eftir hollum og handhægum gæðamat sem einfalt er að útbúa og ánægjulegt að borða.

Bakkavör Asía

Afkoma Creative Foods í Kína var góð á árinu og og jókst pro-forma sala um 23% frá árinu 2005. Creative Foods sérhæfir sig í framleiðslu á fersku grænmeti og ávöxtum fyrir stórmarkaði og mótuneyti í Kína, auk útflutnings.

Hröð þéttbýlisþróun og breyttur lífstíll hefur gert fólki erfiðara fyrir að versla í matinn á hverjum degi, eins og Kínverjar eru vanir. Þetta hefur leitt til aukinnar eftirspurnar eftir kældum matvælum sérstaklega á meðal yngri kynslóða, en vestrænir skyndibitastaðir og stórmarkaðir hafa einnig haft áhrif á þessa þróun.

Þessi þróun hefur í för með sér vaxtartækifæri fyrir Bakkavör Group og er félagið að skoða ýmsa áhugaverða kosti í Kína ásamt öðrum löndum í Asíu.

Vöruþróun

Heimurinn er að breytast með aukinni velmegun, bættum lífskjörum, breyttu fjölskyldumynstri, tækni framförum, heilsuvakningu og síauknum áhuga fólks á samfélags- og umhverfismálum sem og siðferðilegum spurningum. Allt hefur þetta áhrif á líf fólks og neysluvenjur og endurspeglast í þróun matvælamarkaðarins sem einkennist nú meira en nokkru sinni fyrr af eftirspurn eftir hollum, handhægum gæðamat sem auðvelt er að útbúa og ánægjulegt að borða.

Bakkavör Group leggur mikla áherslu á að bregðast við þróun markaðarins og markaðsetti yfir 1.500 nýjar vörur á árinu 2006. Þessar vörur skiptast í rétti sem hægt er að borða strax eða sem þarfnast lágmarksundirbúnings. Einnig hafa vinsældir rétta sem eru tilbúnir til eldunar (e. ready to cook) aukist þar sem fólk hefur tækifæri til þess að matreiða sjálf, án þess að þurfa að verja tíma í undirbúning.

Aukin heilsuvakning hefur verið lykilviðfangsefni félagsins sem m.a. setti sér markmið um að þróa vörur sem innihalda einungis náttúruleg hráefni en hvorki herta fitu, rotvarnarefni né önnur aukaefni. Við höfum markaðsett fjölda heilsuréttá á árinu sem notið hafa mikilla vinsælda.

Vöruþróun félagsins endurspeglar einnig stefnu þess á sviði umhverfismála og samfélagslegrar ábyrgðar. Í þessu skyni höfum við t.d. lagt áherslu á að nota hráefni úr nærliggjandi byggðarlögum sem og aðlagð framleiðsluáðferðir okkar, t.d. áðferðir við að skola salat. Þar að auki erum við að vinna að þróun umhverfisvænna umbúða.

Fólk leggur sífellt meira upp úr því að njóta góðs matar og leggjum við því áherslu á að nota úrvals hráefni til þess að þróa spennandi rétti. Þess má geta að Bakkavör Group vann til gæðaverðlauna fyrir tvær af vörum sínum á árinu 2006.

Framtíðarhorfur

Bakkavör Group mun halda áfram að framfylgja metnaðarfullri vaxtarstefnu á árinu 2007, með áherslu á innri og ytri vöxt. Félagið mun áfram leiða samþjöppun á breska matvælamarkaðinum sem og auka skilvirkni framleiðslueininga sinna. Áhersla verður lögð á vöxt á nýjum mörkuðum á árinu 2007, aðallega á meginlandi Evrópu og í Asíu.

Þróun matvælamarkaðarins mun áfram einkennast af kröfum um hollustu, þægindi og ánægju og þar með tryggja áframhaldandi eftirspurn eftir ferskum tilbúnum mat. Breski matvælamarkaðurinn verður sífellt þróaðri og í Evrópu þróaðast markaðurinn hratt í sömu átt. Mikil gróska er á matvælamörkuðum í Asíu og spennandi tækifæri í Kína sem og ýmsum öðrum mörkuðum innan Asíu.

Bakkavör Group er í sterkri stöðu til að nýta sér þau tækifæri sem skapast í kjölfar þeirrar þróunar sem á sér stað í heiminum og mun halda áfram að framleiða úrvals ferskar tilbúnar matvörur til að uppfylla kröfur neytenda hvar sem félagið starfar.

Fimm ára yfirlit

Fimm ára yfirlit - Afkomutölur		Fjárhæðir í þús. GBP				
	2006	2005	2004	2003	2002	
Rekstrartekjur.....	1.219.189	722.065	149.584	137.867	133.684	
Rekstrargjöld.....	(1.071.109)	(636.061)	(124.803)	(115.444)	(110.876)	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(318)	75	3.176			
EBITDA.....	147.762	86.079	27.957	22.423	22.808	
Afskriftir.....	(33.829)	(19.429)	(3.799)	(4.108)	(3.414)	
EBIT.....	113.933	66.650	24.158	18.315	19.394	
Fjármagnsgjöld.....	(47.360)	(28.269)	(7.092)	(4.043)	(3.957)	
Hagnaður fyrir skatta.....	66.573	38.381	17.066	14.272	15.437	
Tekjuskattur.....	(15.237)	(6.048)	(3.962)	(3.882)	(4.062)	
Hagnaður fyrir aflagða starfsemi.....	51.336	32.333	13.104	10.390	11.375	
Aflögð starfsemi.....	16.910			3.123	(434)	
Hagnaður ársins.....	68.246	32.333	13.104	13.513	10.941	
Hagnaður hluthafa.....	67.617	31.986	13.104	13.513	10.941	
Hagnaður minnihluta.....	629	347				
Veltufé frá rekstri.....	142.764	66.939	18.582	15.825	15.274	
Fjárfesting í fastafjármunum.....	37.902	16.413	3.529	5.691	15.879	
Efnahagur						
Fastafjármunir.....	1.028.878	840.400	217.285	129.805	137.081	
Veltufjármunir.....	296.929	294.207	55.108	84.965	36.324	
Heildar eignir.....	1.325.807	1.134.607	272.393	214.770	173.405	
Eigið fé.....	241.447	127.352	88.214	72.056	58.611	
Víkjandi breytanlegt lán.....	0	12.868	12.868	15.923	15.923	
Langtímaskuldir og skuldbindingar.....	715.677	691.355	151.950	96.068	63.256	
Skammtímaskuldir.....	368.683	303.032	19.361	30.723	35.615	
Skuldir og skuldbindingar.....	1.084.360	1.007.255	184.179	142.714	114.794	
Eigið fé og skuldir.....	1.325.807	1.134.607	272.393	214.770	173.405	
Lykilkennitölur						
Lausafjárhlutfall.....	0,7	0,9	2,6	2,6	0,7	
Veltufjárhlutfall.....	0,8	1,0	2,8	2,8	1,0	
Eiginfjárhlutfall.....	18,2%	12,4%	37,1%	41,0%	43,0%	
EBITDA hlutfall.....	12,1%	11,9%	18,7%	16,3%	17,1%	
EBITDA hlutfall án áhrifa umboðssölu.....	12,6%	11,9%	18,7%	16,3%	17,1%	
EBIT hlutfall.....	9,3%	9,2%	16,1%	13,3%	14,5%	
EBIT hlutfall án áhrifa umboðssölu.....	9,7%	9,2%	16,1%	13,3%	14,5%	
Arðsemi eigin fjár.....	37,0%	30,0%	16,4%	20,7%	20,7%	
Hagnaður á hlut (GBP pens).....	3,4	2,0	0,8	0,9	0,7	

Námundun talna getur leitt til þess að einhvers ósamræmis gæti milli talna í töflum og texta.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn í dag, miðvikudaginn 31. janúar 2007 kl. 16:30 í Sunnusal, Radisson SAS Hótel Sögu þar sem Ágúst Guðmundsson forstjóri og Lýður Guðmundsson stjórnarformaður munu kynna afkomu félagsins. Fundinum verður varpað á netinu og er hægt að fylgjast með honum í rauntíma á www.bakkavor.com eða www.icex.is og hefst útsending kl. 16:30. Fundurinn fer fram á ensku og er hægt að bera upp spurningar með því að senda tölvupóst á investor.relations@bakkavor.com.

Hægt er að nálgast upplýsingar eftir fundinn á heimasíðu félagsins, www.bakkavor.com, á heimasíðu OMX Nordic Exchange á Íslandi, www.icex.is og www.huginonline.com. Ársreikningur félagsins mun einnig liggja frammi til skoðunar í höfuðstöðvum félagsins að Tjarnargötu 35.

Arðgreiðslur

Bakkavör Group hefur metnaðarfull áform um frekari vöxt félagsins í kjölfar umtalsverðra fjárfestinga á síðasta ári. Hins vegar, vegna sterks sjóðstreymis og hagnaðar, mun stjórn Bakkavör Group leggja til á aðalfundi félagsins þann 23. mars n.k. að 1,1 milljarður króna verði greiddur í arð. Þetta jafngildir 0,5 krónum á hlut eða 50% af útgefnu hlutafé í félaginu.

Samþykkt reikninga

Stjórn Bakkavör Group hf. samþykkti ársreikning félagsins fyrir árið 2006 á stjórnarfundum þann 31. janúar 2007. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Aðalfundur og birtingadagar fyrir reikningsárið 2007

Aðalfundur félagsins verður haldinn föstudaginn 23. mars n.k. kl. 17:00 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Gert er ráð fyrir að ársskýrsla ársins 2006 verði birt þann 20. mars n.k. Ársskýrslan verður send til allra hluthafa, en einnig verður hægt að nálgast hana á heimasíðu félagsins, www.bakkavor.com, og á heimasíðu OMX Nordic Exchange á Íslandi, www.icex.is.

Birtingadagar fyrir reikningsárið 2007:

Aðalfundur Bakkavör Group	23. mars 2007
Árshlutauppgjör – fyrsti ársfjórðungur 2007	26. apríl 2007
Árshlutauppgjör – annar ársfjórðungur 2007	26. júlí 2007
Árshlutauppgjör – þriðji ársfjórðungur 2007	25. október 2007
Ársuppgjör og fjórði ársfjórðungur 2007	31. janúar 2008

Frekari upplýsingar veita:

Ágúst Guðmundsson forstjóri Sími: 550-9700	Lýður Guðmundsson stjórnarformaður Sími: 550-9700	Hildur Árnadóttir Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Sími: 550-9700
--	---	---

Skráning á póstlista Bakkavör Group: www.bakkavor.com/subscribe

Bakkavör Group er leiðandi alþjóðlegt matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu ferskra tilbúinna matvæla. Bakkavör Group rekur yfir 46 verksmiðjur og er með yfir 16 þúsund starfsmenn í sjö löndum. Pro-forma velta fyrirtækisins á árinu 2005 var yfir 1 milljarður punda. Höfuðstöðvar félagsins eru í Reykjavík og er félagið skráð á OMX Nordic Exchange á Íslandi. (www.icex.is – auðkenni BAKK).

Bakkavör Group var stofnað árið 1986 og á 20 ára starfsafmæli á þessu ári. Starfsemi félagsins hefur vaxið verulega á síðastliðnum 20 árum og í dag er félagið stærsti framleiðandi ferskrar tilbúinnar matvöru í Bretlandi.

Framtíðarsýn félagsins er að verða leiðandi í framleiðslu á ferskri tilbúinni matvöru á alþjóðamarkaði. Félagið hefur leiðandi markaðstöðu í Bretlandi í lykilvöruflokkum sínum en þeir eru tilbúnir réttir, pizzur, tilbúið salat og ferskt salat. Bakkavör Group framleiðir yfir 4.500 vörutegundir í 17 vöruflokkum og eru vörur félagsins seldar undir vörumerkjum stórmarkaðanna. Meginhluti starfseminnar fer fram í Bretlandi en auk þess er félagið með starfsemi í Frakklandi, Belgíu, Spáni, Suður-Afríku, Kína og á Íslandi.